

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, 3. hæð
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2010

Efni: Varðar breytingatillögur heilbrigðisnefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Undirrituð þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um meðfylgjandi breytingatillögur:

6.gr.
Fagrád.

Við embættið skulu starfa fagrád á einstökum verkswiðum embættisins, m.a. á sviði áfengis- og vímuvarna, manneldis, tannverndar, slysavarna og tóbaksvarna, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan fagraðana og starfsemi þeirra. Embætti landlæknis og lýðheilsu skal tilnefna einn fulltrúa í hvert fagrád. Fagrád skulu vera embættinu til ráðgjafar.

Deleted: Landlækni er heimilt að setja á fót fagrád á einstökum verkswiðum embættisins

Tekið er undir þá breytingu að í embættinu skuli starfa fagrád en ekki einungis að heimilt sé að setja á fót slík ráð.

Varðandi viðbót með upptalningu á einstökum ráðum telur Lýðheilsustöð það ekki í anda frumvarpsins og hugmyndafræði um heilðræna nálgun á sviði forvarna. Þegar Lýðheilsustöð var stofnuð árið 2003 var kveðið á um starfsemi ofangreindra ráða, sem ekki var óeðlilegt, þar eð sum þeirra höfðu starfað líkt og litlar stofnanir á vegum heilbrigðisyrvalda, með starfsfólk og launaða þátttöku einstaklinga í nefndum eða ráðum, sem nú hefur verið aflögð. Með flutningi starfsfólks ráðanna til Lýðheilsustöðvar hefur skapast vettvangur þverfaglegrar samvinnu um leið og byggt er á rannsóknum og nýjustu þekkingu. Það er því eðlilegt að fyrir hendi sé svigrúm til að skipa fagrád á einstökum sviðum í samræmi við áherslur og stefnu stofnunarinnar og heilbrigðisyrvalda.

Ekki er gerð athugasemd við að ráðherra setji reglugerð um umgjörð og starfsemi slíkra ráða.

Málgreinin gæti því staðið á eftirfarandi hátt:

Við embættið skulu starfa fagrád á þessum verkswiðum embættisins, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Velferðamáðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um fagrád og starfsemi þeirra. Fagrád skulu vera embættinu til ráðgjafar.

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan embættisins.

Stjórn Lýðheilsusjóðs skipa fimm fulltrúar tilnefndir af fagráðum, einum fulltrúa embættisins og formanni sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórn sjóðsins ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjalds í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði. Í reglugerð skulu sett ákveðin viðmið vegna starfseminnar og úthlutun styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarnarstarfs, lýðheilsustarfs og reksturs.

Varðandi lýðheilsusjóð er lagt til að önnur setningin í verði :

Stjórn lýðheilsusjóðs skal skipuð fimm fulltrúum, tveimur fulltrúum úr fagráðum með sérþekkingu á sviði forvörna og lýðheilsu, tveimur fulltrúum embættisins og formanni sem skipaður er af ráðherra.

Þetta er lagt til vegna þess að 7 manna stjórn kann að reynast seinvirk við afgreiðslu umsókna um styrk, en árlega berast yfir 70 umsóknir í núverandi forvarnarsjóð og má reikna með að þeim fjölgi við breytinguna. Jafnframt er mikilvægt að heildræn sýn starfsmanna nýrrar stofnunar skili sér í ríkara mæli að slíkri vinnu.

Ekki eru gerðar athugasemdir við aðrar breytingar á greininni um lýðheilsusjóð.

13. gr. Gildistaka.

Allur undibúningur sameiningarinnar hefur miðast við 1. janúar n.k.

Ef nauðsynlegt reynist að fresta gildistöku er lagt til að löggin öðlist gildi eigi síðar en 1. febrúar.

Viðringarfyllt,

Margrét Björnsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar

Deleted: Embætti landlæknis og lýðheilsu ráðstafar fé úr lýðheilsusjóði í samráði við ráðherra og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.